



Niðurstöður starfshóps um starfræna ferla starfsleyfisumsókna hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur

Heilbrigðisnefnd samþykkti á 133 fundi nefndarinnar þann 13. október 2022 að settur yrði á fót starfshópur sem hefði það að markmiði að koma með tillögur að því hvernig bæta megi stafræna ferla starfsleyfisumsókna hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Starfshópnum var gert að skila tillögum fyrir 31. janúar 2023.

Lagt var til að starfshópurinn samanstæði af fulltrúum heilbrigðisnefndar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, samtaka fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT) og samtökum smáframleiðenda. Erindisbréf voru send út þann 13. desember 2022 en hópinn skipuðu eftirtaldir:

Óskar Ísfeld Sigurðsson (formaður), HER.
Sigríður Jónína Jónsdóttir, HER.
Aðalsteinn Haukur Sverrisson, heilbrigðisnefnd.
Sandra Hlíf Ocares, heilbrigðisnefnd.
Aðalgeir Ástvaldsson, SVEIT.
Róbert Aron Magnússon, SVEIT
Eva Michelsen, samtök smáframleiðenda.

Starfshópurinn fundaði fimm sinnum á tímabilinu 28. desember 2022 – 6. febrúar 2023.
Starfshópurinn leggur til:

- Að HER fái rafrænt umsóknarkerfi, sem gagnast bæði viðskiptavinum og starfsfólki.
- Að rafræna umsóknarkerfið verði tengt beint við málaskráningarkerfi HER.
- Að kerfið sé þannig að viðskiptavinir HER geti sótt um leyfi óháð því hvort verið sé að sækja um á persónulegri kennitölu eða á kennitölu lögaðila.
- Að kerfið sé þannig að umsóknir séu aðgengilegar viðskiptavinum áfram eftir að búið sé að senda þær þannig að viðskiptavinurinn geti sótt fyrri umsóknir, breytt þeim og notað eftir þörfum við gerð nýrrar umsóknar.
- Að kerfið sé þannig að viðskiptavinir geti, þegar sótt er um starfsleyfi á mörkuðum, sótt um mörg starfsleyfi á mismunandi stöðum í einni umsókn.
- Að umsóknarformið sé upplýsandi fyrir viðskiptavini t.d. þannig að lyklatríði á forminu séu með **ú**upplýsingum þannig að þegar bendillinn er á lyklatríðinu opnast gluggi með frekari skýringum, og einnig að settir séu hlekkir í formið sem vísi til frekari upplýsingar á heimasíðu HER eða annarra viðeigandi aðila t.d. á vef Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.
- Að umsóknarformið verði einnig til á ensku.
- Að umsóknarformið verði tengt við opinbera gagnagrunna t.d. þjóðskrá, fyrirtækjaskrá og fasteignaskrá.
- Að ef það er nauðsynlegt, til að hægt sé að raungera ofangreindar tillögur, að HER fái eigin heimasíðu.
- Á meðan unnið er að ofangreindum lausnum verði reynt að gera umbætur á núverandi umsóknarkerfi þannig að það verði notendavænna og skýrara og við það verði stuðst við atriði úr vinnu starfshópsins eins og við verður komið.